

Hverfisráð Hríseyjar

112. fundur

Miðvikudaginn 11. október 2017 kl 19:30 var haldinn 112. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Fundargerð:

1. Gönguleiðir

Hverfisráð óskar eftir því að uppbyggingu gönguleiða verði haldið áfram. Formaður ætlar að ræða við Helgu Írisi Ingólfssdóttur varðandi fjármögnun.

2. Sölutilboð

Sölutilboð var kynnt frá Guðmari ehf. til Akureyrakaupstaðar um kaup á fisverkunarhúsi fyrirtækisins með það fyrir augum að hægt sé að nýta húsnæðið fyrir slökkvibifreið, sjúkrabíl og aðstöðu fyrir björgunarsveit. Tilboð er sent með það í huga að Guðmar ehf. tekur uppí núverandi aðstöðuhús sem hýsir áðurnefnda starfsemi. Formanni hverfisráðs finnst vafasamt að það sé sami aðilinn sem metur eignirnar og sér um tilboðið. Ýmsir möguleikar voru ræddir með hugsanlega aðra starfsemi sem hægt væri að nýta umrætt húsnæði í t.d. aðstöðu fyrir Ferðamálafélag Hríseyjar og einnig aðstöðu fyrir Norðurorku svo eitthvað sé nefnt. Hverfisráð tekur að öðruleyti jákvætt í málið og sér fram á að ofangreindar hugmyndir gætu spilað vel saman í umræddu húsnæði.

3. Aksturssvæði

Moldarnáman norðan við Saltnes hefur verið notuð sem akstursíþróttasvæði. Hverfisráð Hríseyjar mælti með því á fundi sínum fyrir um 2 árum að gefið yrði út leyfi til bráðbirða. Það leyfi er runnið út. Formaður hverfisráðs tjáði nefndarmönnum um að urðunarstaðurinn austan megin á eyjuni væri orðin fullur, og það vantar annan stað. Formaður tekur einnig fram að þeir sem stunda akstursíþróttir hafa stundum ekið utan svæðisins, og ekki ætti að gefa leyfi ef akstursíþróttamenn virða ekki hvar þeir eiga að vera. Auk þess sé æðarvarp á svæðinu. Leggur formaður til að svæðið innst inná lóðinni á nautastöðinni (norðan megin) verði notað sem aksturssvæði. Kristinn Frímann Árnason bendir á að það þyrftir hinsvegar að byggja það svæði upp fyrir akstur, en einnig nefnir hann að möguleiki væri að banna akstursíþróttir á núverandi svæði á varptíma. Vegna ágreinings innan hverfisráðs er málinu frestað, en hverfisráð ætlar að hitta skipulagsnefndina og umsagnaraðila á svæðinu.

4. Deiliskipulag á hafnarsvæði

Formaður hverfisráðs ætlar að ræða við Helgu Írisi Ingólfssdóttur varðandi styrk. Kristinn Frímann Árnason ætlar að halda áfram að athuga með slippinn.

5. Búrfjárleyfi

Tveir aðilar sóttu um leyfi til að vera með hænur og fengu samþykkt, en núna er kvartað undan hana hjá öðrum aðilanum. Bannað er að vera með hana í þorpinu, hinsvegar gilda aðrar reglur um lögbýli. Formaður hverfisráðs bendir á að aðilinn sem er með hanann sé búinn að fá áminningu frá bænum, en haninn er ennþá til staðar. Formaður telur einnig að bærinn eigi að vinna sína vinnu og framkvæma hlutina. (Athugasemd ritarans: Eftir fundinn talaði ritari við aðilann sem á hanann, og var viðkomandi búinn að fá tveggja vikna frest að losa sig við hanann, og er fresturinn ekki liðinn ennþá.)

6. Önnur mál

Varðandi útboðið á Hríseyjarferjunni að þá hafði hverfisráð óskað eftir því að fá að skoða útboðsgögnin áður en þau voru gerð opinber og sent út svo að hverfisráðið gæti gert athugasemdir. Því miður varð ekkert úr því.

Formaður hverfisráðs óskar eftir að upphringiferðir verði á miðaverði og auk þess fleiri ferðir um jól. Ritari bendir á að fólk frá Hrísey getur ekki nýtt sér morgunflug Air Iceland Connect frá Akureyri á Keflavíkurflugvöll án þess að gista á Akureyri, því það er ekki ferjuferð eftir kl 23.

Einnig var ræddur opnunartíminn á búðinni og bent á að enginn matsölustaður væri opin á sunnudögum í september, en ennþá er um að eitthvað er af ferðamönnum í eyjunni á þessum árstíma. Verslunarstjóri (ritari) ætlar að skoða hvað hægt er að gera.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 20:50.

Þorgeir Jónsson
Kristinn Frímann Árnason
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker